

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	31.5.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurá Stekkjarvík	<b>Eftirlitsmaður</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Heimili</b>	Skagfirðingabraut 17	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5602060620	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Fannar Viggósson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Magnús B. Jónsson	<b>Staðsetning</b>	441620,709 580284,876

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á útstreymisbókhaldi en engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Framkvæmdum við stækkun urðunarholfsins lauk í nóvember sl. og reiknað er með að næsta stækkun verði eftir um 7-10 ár. Urðunarhaugurinn sem nú er verið að keyra í, hefur ekki enn náð fullri hæð. Varanlegar sýnatökuholur fyrir hauggas verða útbúnar í hauginn þegar fullri hæð haugsins verður náð. Mælingar úr bráðabirgðaholum voru gerðar sumarið 2015 skv. samþykkttri úrbótaáætlun. Hönnun á gassöfnun er unnin í samvinnu við Eflu verkfræðistofu og er gert ráð fyrir að boraðar verði 5 holur í ár. Reiknað er með að þær verði komnar í gagnið í september. Farið verður betur yfir það í eftirlitinu í haust.

Girðingum er vel við haldið og voru þær snyrtilegar á að líta. Er girt allan hringinn í kringum urðunarstaðinn og sums staðar bæði fok- og sauðfjargirðing en fokgirðingin er þéttari og öflugri girðing sem tekur betur við foki og auðveldara er að hreinsa úr. Mikil vinna felst í því að halda girðingum og nærumhverfi snyrtilegu. Farið er að lágmarki 2 sinnum á ári um allt nærsvæðið og hreinsað upp það sem fokið hefur og gengið er reglulega meðfram girðingum og rusl fjarlæggt.

Búið var að hreinsa rusl úr frárennislæk og ekki var neitt rusl að sjá við strönd eða fjörunni í Stekkjarvík.

Engar kvartanir vegna svæðisins hafa borist eftirlitsaðila eða rekstraraðila og engin óhöpp hvað mengun varðar hafa orðið frá síðasta eftirliti. Sjálfsíkveikja varð í gorholu þann 18. apríl s.l og var slökkviliðið fengið á staðinn til að komast fyrir glóðina.

Engin ákveðin þjálfunaráætlun er til fyrir starfsmenn en stendur til að bæta þar úr. Sett eru upp námskeið ef þurfa þykir varðandi eldvarnir og meðferð spilliefna í samvinnu við slökkviliðið á Akureyri.

Hreinsivirki hefur ekki verið tæmt frá síðasta eftirliti en reglulega er fylgst með ástandi þess. Ekki var að sjá mikla fitu í kerfinu, þunn skán lá ofan í brunninum við skoðun í eftirliti. Hefur uppsöfnun fitu í hreinsivirkinu nær horfið, eftir að frárennslí frá gorsvæði var leitt aftur í gegnum hauginn. Nú situr fitan eftir í haugnum og frárennslíð því fituminna sem fer út í hreinsivirkið. Einnig er notaður fituleysir frá Kemi í hreinsivirkið til að varna því að kerfið stíflist. Gerðar eru sigvatnsmælingar í lok hvers mánaðar, tekið er úr fitugildru, setbeði og brunnum. Niðurstöður mælinganna eru birtar í grænu bókhaldi rekstraraðila og voru einnig afhendar eftirlitsaðila í eftirlitinu. Rætt var um að haldinn yrði samráðsfundur í tengslum við eftirlitið í haust og þá færi Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra yfir niðurstöður mælinga en þau sjá um þá framkvæmd.

Þvottaplan við móttökustöð er tengt olúskilju en það er ekki í notkun. Þvottaplan við skemmu er einnig tengt olúskilju. Var hún tekin í notkun nú í vor og hefur því ekki verið þjónustuð. Engin spilliefni eru meðhöndluð á svæðinu önnur en þau sem koma af slysi með úrgangsförnum. eru þau tekin til hliðar og send á Gámastöðvarnar. 2.000L færanlegur olíutangur er á svæðinu og þjónustar vinnuvélar sem þar eru.

Daglegur frágangur urðunarreina er góður, um 20-30 cm yfirlag er sett yfir hauginn, og sláturúrgangur hulinn með timburkurli. Net eru lögð á hliðar hauganna.

Keyrt var um svæðið og aðstæður skoðaðar. Svæðið var snyrtilegt á að líta og ekki sjáanleg merki um óvenjulegt fok eða ófullnægjandi frágang. Frárennislækur var ný hreinsaður og ekki var að greina uppsöfnun í viðtaka frárennislæks.

### Frávik frá

Gr. 5.5 í starfsleyfi

### Lýsing á frávikum

Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun

mengandi efna, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Skiladagur er 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2016 hefur ekki verið skilað.

#### **ATHUGASEMDIR**

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu. □

#### **ANNAÐ**


Allar upplýsingar um mælingar, magn úrgangs og framkvæmdir koma fram í grænu bókhaldi. Grænu bókhaldi hefur verið skilað fyrir árið 2016. Útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir árið 2016.

Tekið er á móti olíumenguðum úrgangi á svæðinu en óskað er eftir skýrari upplýsingum um móttöku og meðferð frá Umhverfisstofnun.

Reykjavík, 23.06.2017

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir